



## Fundargerð 32. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Zoom 5. mars 2024 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ).

**Mættir varamenn:** Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)  
Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.  
AS ritaði fundargerð.

### 1. Ársþing 2024

Rætt um fyrirbyggjandi drög að Rekstrarreikningi 2023 og Fjárhagsáætlun 2024. Ársreikningurinn er ekki tilbúinn svo TMP lagði til að haldinn verði stjórnarfundur fimmtudaginn 7. mars til að fara yfir ársreikning og klára fjárhagsáætlun. Var sú tillaga samþykkt. Ljóst er að sæti til eins árs í stjórn losnar á ársþinginu þar sem JPJ verður formaður. TMP lagði til að stjórnin sameinist um tillögu að dagskrárbreytingu til að leggja fram á þinginu sem hljóðaði uppá að eftir formannskosningu verði þeim sem hafa boðið sig fram til setu í stjórn verði boðið að bjóða sig fram til eins árs og kosið milli þeirra sem það vilja. Eftir það verði kosnir fulltrúar til tveggja ára milli annarra sem buðu sig fram. Tillagan var samþykkt.

### 2. Tillaga að viðurkenningu

Páll Halldór Halldórsson sendi sambandinu erindi 20. febrúar síðastliðinn þar sem hann lagði til að sambandið heiðraði Graham Quick fyrir áratuga langt og gott starf og stuðning við íslenska rallyökumenn. Rætt var um viðurkenningar almennt og farið yfir fyrirbyggjandi Reglugerð um heiðursviðurkenningar. Ákveðið var að veita Graham ekki sérstaka viðurkenningu að sinni en TMP mun ræða málið frekar við Pál Halldór.

### 3. Motorsport Games 2024

Erindi hefur borist frá FIA að AKÍS tilnefni tengilið innan sinna raða til að sinna málefnum tengdum Motorsport Games. Ákveðið að vísa málinu til næstu stjórnar.

### 4. Önnur mál

**Fyrirspurn um gildistíma öryggisbúnaðar** - Erindi barst sambandinu varðandi grein í Keppnisgreinarreglum fyrir rally þar sem tiltekið er að nota megi stóla 5 árum lengur en uppgefin dagsetning á þeim segir. Fyrir fundinum liggur skrifleg afstaða Keppnisráðsins í rally til fyrirspurnarinnar, með skýringum.

Málið rætt frá ýmsum hliðum, m.a. að tollar og gjöld á öryggisbúnaði séu mjög há. Ákveðið að senda afstöðu Keppnisráðsins í rally til fyrirspyrjanda sem svar stjórnar.



**Andlát, Karl Gunnlaugsson** - Eins og fram kemur í frétt á heimasíðu sambandsins, <https://www.akis.is>, var Karl virkur í keppni og félagsstörfum akstursíþrótta. Samþykkt tillaga TMB að senda fjölskyldu Karls samúðarkveðjur og jafnframt krans fyrir útför hans.

Næsti fundur fimmtudaginn 7. mars kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 21.37